

Efni: Frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna), 361. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna fagnar allri endurskoðun sem stefnir af því að veita börnum betri þjónustu. Mikilvægt er að öll börn fái þá lækni meðferð og þau hjálpartæki sem þau þurfa, án tillits til efnahags foreldra. Væri því jákvætt að mati umboðsmanns barna auka þátttöku ríkisins í kostnaði við kaup á gleraugum. Umboðsmaður veltir þó fyrir sér hvort ekki sé ástæða til þess að ganga lengra og tryggja greiðsluþátttöku tvisvar á ári fyrir öll börn til 18 ára aldurs, í stað þess að draga úr þjónustunni við 11 ára aldur.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 8. apríl 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna). Þingskjal nr. 483, þingmál nr. 361.

Ofangreint frumvarp tekur til breytinga á 4. gr. laga nr. 160/2008 sem fjallar um verkefni og starfssvið Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, en samkvæmt lögnum eru endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa ekki skilgreindar sem verkefni stofnunarinnar. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hefur aftur á móti frá því stofnunin hóf störf, 1. janúar 2009, séð um framkvæmd á endurgreiðslum vegna gleraugnakaupa í samræmi við reglugerð nr. 1155 frá 2005. Samkvæmt reglugerðinni eiga öll börn á aldrinum 0-18 ára rétt á endurgreiðslu vegna gleraugnakaupa og einnig eru undantekningarákvæði sem heimila endurgreiðslur til einstaklinga 18 ára og eldri.

Samkvæmt frumvarpinu yrðu reglur um greiðsluþátttöku ríkisins rýmkaðar töluvert, sem felur bæði í sér að börn frá 4 ára til 18 ára geta sótt oftari um styrk, samanborið við ofangreinda reglugerð, og einnig að styrkupphæð fyrir öll börn 0-18 ára hækki. Miðað við fjölda umsókna 2014 og 2015 hefðu 3600 börn á aldrinum 4-18 átt rétt á því að sækja aftur um endurgreiðslu samkvæmt frumvarpinu, umfram þann fjölda sem sótti um styrk 2015.

Hvað varðar útreikning á styrkupphæðum samkvæmt frumvarpinu, þá er lagt til að greiðsluþátttaka ríkisins verði 75% af tilboðsverði á sjónglerjum og gleraugnaumgjörðum. Tilboðsverð skal fengið með því að fá tilboð hjá gleraugnasölum og skal miðast við lægsta tilboðsverð. Ef þessi leið yrði farin myndi styrkupphæð fyrir sjónglerin mjög líklega hækka og þar sem greiddur yrði einnig 75% styrkur fyrir kaupum á gleraugnaumgjörðum, sem ekki hefur verið gert áður, myndi sú upphæð alltaf vera til hækkunar á heildarstyrk. Einnig skal bent á að ef sú leið yrði farin sem frumvarpið leggur til yrði að bæta við stöðugildi til að afgreiða umsóknir og fá tilboð árlega frá gleraugnasölum.

Meðalfjöldi endurgreiðslna frá 2005-2015 er um 4000 á ári. Miðað við tillögur sem fram koma í frumvarpinu, og áætlað er hér að ofan, er hægt að áætla að við bætist 3600 umsóknir um endurgreiðslur á ári, eða samtals áætlað 7600 umsóknir á ári. Samkvæmt frumvarpinu á upphæð á styrk að miðast við tilboðsverð sem liggur ekki fyrir á þessum tímapunkti. Í þeirri viðleitni að reyna að áætla árlegan kostnað við endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa samkvæmt tillögum frumvarpsins, og þeim gögnum sem liggja fyrir í dag um meðalverð á glerjum og umgjörðum sem berast með umsóknum, væri hægt að áætla að gler og umgjörðir

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | midstod@midstod.is | midstod.is



kosti kr. 35.000. Við bendum á að val á umgjörðum er alltaf persónulegt og ákvörðun einstaklings um hversu mikið viðkomandi er tilbúin að greiða fyrir slík kaup.

Að framansögðu, og miðað við að meðalverð gleraugna sé kr. 35.000, þá væri hver styrkur um kr. 26.000 (75% af heildarupphæð) og ef miðað er við að fjöldi umsókna væri 7600 á ári, færu útgjöld ríkisins vegna endurgreiðslna úr u.þ.b. 30 milljónum á ári í u.þ.b. 197 milljónir á ári. Einnig skal tekið fram að ofan á þann kostnað myndi einnig leggjast kostnaður við auka stöðugildi til að afgreiða umsóknir og fá tilboð árlega frá gleraugnasölum. Að auki er ofangreind áætlun miðuð við fjölda umsókna sl. ára og það mætti jafnvel gera ráð fyrir því að fleiri myndu sækja um ef að greiðsluþátttaka ríkisins myndi aukast þetta mikið.

Þegar horft er til hvert hlutverk stofnunarinnar og markmið hennar eru þá er það vel skilgreint í lögnum sem þjónusta við blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar. Að gera þá breytingu sem lagt er til að gert sé með þessu frumvarpi er ekki í samræmi við það hlutverk og þau markmið.

Einnig mætti velta því upp að ef að það yrði gerð breyting á núverandi reglugerð eða endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa yrðu settar í lög með þessum hætti, þá ætti frekar að líta til hlutverks Sjúkratrygginga Íslands, en samkvæmt lögum nr. 112/2008 um stofnunina, þá er það m.a. hlutverk hennar að endurgreiða börnum vegna tannlæknakostnaðar og líta mætti á að greiðslur vegna gleraugnakaupa séu sambærilegar.

Virðingarfyllst,

Þorbjörg Gunnarsdóttir
Forstjóri